

Borgarráð 22. ágúst 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsmannafjölda með ungmennum eftir skóla MSS24080086

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað margir starfsmenn Reykjavíkurborgar fara út á meðal ungmenna þar sem þau hópast saman eftir skóla?

Greinargerð

Áhættuhegðun virðist fara vaxandi, miðað við tilkynningar sem berast barnaverndum landsins. Samkvæmt nýlegum tölulegum gögnum hjá Barna-og fjölskyldustofu hefur orðið 30 prósentu aukning á áhættuhegðun ungmenna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 ef borið er saman við 2023. Tilkynningum hefur fjölgað í öllum flokkum áhættuhegðunar og meira af tilkynningum vegna þess að barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu, beiti ofbeldi og sé í afbrotum. Í fyrsta sinn eru fleiri tilkynningar um vímuefnanotkun stúlkna en drengja. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta uggvænleg þróun sem þarf að fylgjast vel með og skoða hvaða þróun á sér stað í hegðun ungmenna. Starfsmenn sem fylgjast með hópamyndunum unglunga gætu verið lykilmenn í að grípa ungmenni í viðkvæmri stöðu sem eru líkleg til að leiðast út í áhættuhegðun.

Vitað er að ungmenni í viðkvæmri stöðu eru líklegri til að verða fórnarlömb glæpagengja. Við höfum fylgst með ískyggilegri þróun á norðurlöndum þar sem glæpagengi fá ungmenni til liðs við sig. Við verðum að forðast með öllum ráðum að slíkt gerist hér á landi.